

- 58 48. tölulíður sömu greinar hljóði svo:  
7. maí 49. *Grímsneshérað*: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Læknissetur að Laugarási.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1941.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

59

7. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmiskonar ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

**Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,**

Gjör rir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Í stað orðanna „Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið“ í upphafi 2. gr. laganna komi: Ríkisstjórnin.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin getur, að viðlögðum allt að 100 króna dagsektum, krafizt þess, að einstakir menn eða félög gefi þær skýrslur um vörubirgðir sínar og vörubörf, sem henni þykir þurfa til framkvæmdar ráðstöfunum þeim, sem heimilaðar eru í lögum þessum.

Ennfremur getur ríkisstjórnin, hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið trúnaðarmenn sína rannsaka birgðir heildsöluverzlana, smásöluverzlana og iðnfyrirtækja af vörum þeim, sem um ræðir í 1. gr. laga þessara.

Nánari reglur um framkvæmd rannsóknar þessarar skulu settar af ríkisstjórninni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*